

Fundargerð 03.11.22

Mætt voru: Sandra Lóa, Gunnar, Erla, Guðrún Heiða, Ingbjörg, Steinar Bragi og Margrét Ólöf Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri sem stýrði fundi og ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

Starfsáætlun skólaráðs fyrir skólaárið 2022 – 2023.

Skólaráð Setbergsskóla skólaárið 2022 – 2023 skipa:

María Pálmadóttir, skólastjóri stýrir skólaráði

Margrét Ólöf Jónsdóttir, aðstoðarskólastjóri, Vala Steinsdóttir, grenndarfulltrúi (formaður foreldrafélags), Erla Erlendsdóttir, fulltrúi foreldra, Gunnar Sigurðsson, fulltrúi foreldra, Guðrún Heiða Sigurgeirsdóttir, kennari, Sandra Lóa Gunnarsdóttir, kennari, Ingbjörg Magnúsdóttir, skóla- og frístundaliði, Steinar Bragi Sigurjónsson, 10. bekk, Hekla Rós Norðquist, 9. bekk.

Margrét Ólöf fór yfir starfsáætlun skólaráðs. Ráðið fundar að jafnaði sex sinnum á skólaárinu á fimmtudögum kl. 8:30 – 9:50.

Skólastjóri boðar fundi og sendir undirbúningsgögn eftir því sem þurfa þykir.

Starfsáætlunin er rammi um starf ráðsins, atriði til umfjöllunar geta færst til milli funda og/eða eftir verkefnastöðu. Skólaráð gegnir jafnframt hlutverki matsteymis skólans.

Aðstoðarskólastjóri ritar fundagerðir sem eru birtar á heimasíðu skólans.

Umfjöllun um starfsáætlun og skólanámskrá Setbergsskóla.

Margrét Ólöf kynnti starfsáætlun Setbergsskóla 2022-2023 sem er að finna á heimasíðu skólans. Starfsáætlunin er ramminn utan um skólastarfið. Verkefnaskrá og fastir liðir í skólastarfinu voru skoða sérstakleg. Einnig var farið farið yfir agaferilinn sem búið er að setja upp með skýrari hætti. Skólanámskrá Setbergsskóla er aðgegnileg á heimasíðu skólans þar eru einnig kennsluáætlanir.

Farið yfir helstu verkefni vetrarins.

Í Setbergsskóla er lögð áhersla á:

- Skapandi skóli
- Jákvæð samskipti og vellíðan
- Læsi í víðum skilningi
- Ábyrgð og virkt lýðræði
- Uppbyggjandi endurgjöf

Áherslur í skólastarfinu eru aukinn sveigjanleiki í námi, margbreytilegar kennsluáðferðir, endurskoðun námsmats með áherslu á leiðsagnarnám og endurspeglun á hæfileikum og getu hvers nemanda. Skólasamfélag sem eflir skapandi og sjálfstæða hugsun, fjölbreytt læsi og hæfni til samskipta í heimi fjölbreytni og breytinga þar sem hver og einn fær tækifæri til að þroskast og dafna.

Þessar áherslur eru leiðarljós í öllu skólastarfi í Setbergsskóla.

Skólaráð

Þróunarstarf, teymi og vinnuhópar.

Ýmis fagteymi og ráð starfa við skólann í vetur. Þar má nefna:

Áfallateymi, Brúarteymi, eineltis- og forvarnateymi, lausnateymi, læsisteymi, nemendaverndarráð, skólaráð, SMT – teymi, spjaldateymi, teymi um leiðsagnarnám og vaxandi hugarfar, umbótateymi og öryggisnefnd.

Önnur mál:

Fundi slitið,

Margrét Ólöf Jónsdóttir.